

# Aðalfundur 2017

~ Haldinn þann 18. janúar ~



## **Dagskrá aðalfundar**

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
  - Gjaldkeri og vallarstjóri
- **Tillögur og lagabreytingar**
  - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**
  
- **Hlé og léttar veitingar**
  
- **Vídeóannáll 2016 frumsýndur**
  - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins og YouTube  
<http://modelflug.net/video/2017/>  
[https://youtu.be/7xH8ZLqk\\_QY](https://youtu.be/7xH8ZLqk_QY)

## **Skýrsla stjórnar**

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í fundarsal Íþróttakademiunnar þann 20. janúar og var rétt rúmlega helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2015 var neikvæður um 20.060 kr. En mikið var um framkvæmdir á árinu sem skýrir eyðsluna.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Magnús Kristinsson var endurkjörinn sem formaður og Ágúst H. Borgþórsson bauð sig áfram fram sem meðstjórnanda en Gunnar M. Magnússon gaf ekki kost á sér áfram svo Steinþór Agnarsson var kosinn í hans stað.

Að loknum aðalfundarstörfum bauð Björk hans Guðjóns upp tvær stærðarinnar brauðtertur og svo var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2015 frumsýndur og vakti mikla lukku. Örn Ingólfsson og HljóðX fá kærar þakkir fyrir hljóð- og myndkerfi sem notað var.

Árið var gott fyrir Flugmóðelfélagið, fjórir nýir félagar gengu í félagið en fjöldi Innherja var óbreyttur. Sumrið var talsvert betra en fyrri sumur og nýttu félagsmenn það vel til flugs en að jafnaði var flogið þriðja hvern dag á árinu.

Flugmóðelfélag Suðurnesja fagnaði 10 ára afmæli Arnarvallar á árinu með flugkomu þann 7. júní og var vel mætt af félagsmönnum, velunnurum og gestum.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var í Eyjafjarðar-sveit, Tungubökkum eða Hamranesi. Einnig héldu nokkrir félagsmenn í viking til Danmerkur þar sem tekið var þátt í heimsmeistaramótinu í F3F hraðflugi móðelsvifflugna.

Haldin var sýning á flugmóðelum og inniflugi í Reykjaneshöllinni í tilefni af Ljósanótt. Stöðugur straumur gesta var þann tíma sem sýningin stóð yfir og skemmtu allir sér vel.

Innherjar hófu svo aftur að flögra í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út apríl 2017.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á aðfangadag og gamlársgag.

**Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja**

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2016**

	Inn	Út
Félagsgjöld	349.600 kr.	
Innherjar	187.200 kr.	
Styrkir	100.000 kr.	
Vextir	21.145 kr.	
Sparireikningur		288.467 kr.
Vallarviðhald		188.196 kr.
Tækjakaup		73.980 kr.
Veitingar		45.612 kr.
Tryggingar		25.397 kr.
Bensín, gas, olía		18.729 kr.
Vefmyndavél		16.320 kr.
Bankakostnaður		7.407 kr.
Fjármagnstekjuskattur		4.225 kr.
Samtals á árinu	<u>657.945 kr.</u>	<u>668.333 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	239.957 kr.	
Samtals	<u>897.902 kr.</u>	<u>668.333 kr.</u>
<b>Samtals eign í árslok</b>	<u><b>229.569 kr.</b></u>	
Velta á árinu	<b>1.566.235 kr.</b>	
Rekstrarniðurstaða	<b>925.372 kr.</b>	

<b>Eignir</b>	<b>Verð</b>
Sparireikningur	710.791
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Áburðadreifari á sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
<b>Samtals</b>	<b>1.940.791</b>

<b>Flugbrautir og vallarsvæði</b>	<b>33.625.000</b>
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

<b>Samtals eignir</b>	<b>35.565.791</b>
-----------------------	-------------------

## **Niðurstaða**

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 925.372 kr en 710.791 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi og 100.000 kr vegna styrks. Daglegur rekstur var því jákvæður um 114.581 kr en vel var tekið til hendinni í framkvæmdum á Arnarvelli með sópun og málun flugbrauta, upptætingu vegarins út að hliði og við Seltjörn. Keyptur var áburðadreifari á sláttuvélina.

## **Fjárhagsáætlun og félagsgjöld**

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en áfram þarf að sinna hefðbundnu viðhaldi og framkvæmdum á Arnarvelli. Á árinu er fyrirhugað að sinna frekari viðhaldi á veginum frá hliði og að flugbrautum. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Ég legg því til að félagsgjöldin verði óbreytt á þessu ári eða 6.000 fyrir yngri en 18 ára og 12.000 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað (200 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 1.febrúar nk.

**Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri**

## **Kosning stjórnar**

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa gjaldkera og vallarstjóra.

## **Tillögur og lagabreytingar**

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

## **Önnur mál**

Orðið er frjálst.

## **Minnisblað**